



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 14. febrúar 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:00. Notast var við fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn voru mætt Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson varamaður ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrárliður 3. var tekinn af dagskrá vegna forfalla hjá starfsmanni UNICEF sem áætlað var að kæmi með kynningu á verkefningu „Barnvæn sveitarfélög“ inn á fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sveitarfélagsins og verkefni frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-des. 2021 og fjárfestingayfirlit jan.-des. 2021

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-des. 2021 og fjárfestingayfirlit jan.-des. 2021 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði.

#### 3. Húsnæðissjálfseignarstofnun á landsbyggðinni

Lögð var fram til kynningar fundargerð umræðufundar um stofnun landsbyggðar HSES þann 26. janúar 2022. Á fundinum var farið yfir helstu forsendur aukins samstarfs sveitarfélaga til að stuðla að uppbyggingu og framboði á almennum íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir því að öll sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins geti lagt íbúðir inn í félagið eða tekið þátt í uppbyggingu. Markmiðið er að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst ekki með litlum HSES félögum.

Í samræmi við niðurstöðu fundarins stefna HMS og Sambandið að því að boða til stofnfundar húsnæðissjálfseignarstofnunar (HSES) sem starfi í framangreindum tilgangi.



Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til þess að taka þátt í stofnun á framangreindu HSES fyrir landsbyggðina og fagnar því að verkefnið sé að fara af stað.

#### **4. Reglur Sveitarfélagsins Skagastrandar um úthlutun byggingalóða**

Fyrir fundinum lágu drög að reglum sveitarfélagsins um úthlutun byggingalóða á Skagaströnd. Málið hafið áður verið tekið til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 19. janúar sl. Sveitarstjóri fór yfir reglurnar með sveitarstjórn sem samþykkti þær með áorðnum breytingum og fól sveitarstjóra að birta þær.

#### **5. Starfsmannamál**

##### **a. Ráðning slökkviliðsstjóra**

Jón Ólafur Sigurjónsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málefnið og vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá starfslýsing og ráðningaforsendur við Jón Ólaf Sigurjónsson nýjan slökkviliðsstjóra Sveitarfélagsins Skagastrandar til staðfestingar en sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Sveitarstjórn staðfesti starfslýsingu og fól sveitarstjóra að undirrita ráðningasamning.

##### **b. Trúnaðarmál**

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

#### **6. Bréf**

##### **a. Sveitarfélagið Skagafjörður dags. 31. janúar 2022**

Fyrir fundinum lá erindi frá Sigufúsi Inga sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi áframhaldandi samstarf um Málefni fatlaðst fólks á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða áframhaldandi þátttöku sveitarfélagsins í samstarfi um málaflokkinn og fól sveitarstjóra að vinna að málinu áfram á vettvangi framkvæmdaráðs.

#### **7. Fundargerðir**

##### **a. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 3. febrúar 2022**



Fyrir fundinum lá fundargerð Hafnar- og skipulagsnefndar frá 3. febrúar 2022

a. Eftirfarandi var bókað undir skipulagsmálum:

**Liður 1. b) Aðalskipulag Skagastrandar 2019-2035**

Lögð fram tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Skagastrandar 2019-2035. Tillagan samanstendur af greinargerð aðalskipulags, forsendum og umhverfisskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:20.000, þéttbýlisuppdrætti af Skagaströnd í mælikvarðanum 1:10.000, ásamt skýringaruppdráttum.

Tillagan var forkynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í febrúar 2021 og einnig kynnt á íbúafundi sem fór fram með rafrænum hætti þann 13. janúar 2022.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að tillagan verði afgreidd skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir að tillagan verði afgreidd skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Liður 1. c) Deiliskipulag Hólanessvæðis, tillaga að breytingu**

Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi Hólanessvæðis á Skagaströnd eftir auglýsingu. Breytingartillagan var auglýst með athugasemdafresti til 21. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma tillögunnar en gerðar voru smávægilegar breytingar á tillögunni eins og bílastæðum við Bjarmarnes var fjölgað um 3. Ennfremur að heimiluð verði allt að 7 stæði á torgsvæði fyrir framan sjóböðin til viðbótar við þau sem skilgreind eru utan þeirrar lóðar. Gerðar voru litlar breytingar á stígum við bílastæði við Bjarmanes. Felld er einnig út heimild fyrir verslun og þjónustu á fyrstu hæð við Fjörubraut 3A.

Umræða varð í nefndinni um bílastæðamál í tengslum við sjóböðin og þörf á nánari úfærslu varðandi aðkomu.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

*Mikilvægt er að fyrirkomulag bílastæða innan lóðar baðstaðarins verður útfært nánar á lóðablaði þegar farið verður í frekari hönnun á lóðinni í tengslum við byggingu baðlóna. Að öðru leyti er afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.*



**Liður 1. c) Erindi Stefáns Velemir dags. 30. desember 2021:**

*Rökstuðningur vegna úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6.*

Erindið var tekið fyrir í sveitarstjórn þann 19. janúar sl. og vísað til afgreiðslu nefndarinnar. Með erindinu er óskað eftir rökstuðningi fyrir úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6 á fundi sveitarstjórnar þann 29. nóvember 2021 og einnig er óskað eftir afriti af þeim úthlutunarreglum sem stuðst var við.

Því er miður að engar reglur hafa verið staðfestar af sveitarfélaginu varðandi úthlutun lóða en nefndin fagnar því að verið sé að vinna að slíkum úthlutunarreglum sem áætlað er að verði afgreiddar á næsta fundi sveitarstjórnar. Við ákvörðun nefndarinnar var horft til þess að um væri að ræða endurúthlutun á lóð til Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymdar ehf.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.*

**Liður 1. e) Erindi Harbour ehf. dags. 21. janúar 2022:**

*Fyrirspurn um bílastæði utan lóðar og byggingarreit fyrir kæli.*

Með erindinu óskar Atli Gunnar Arnórsson f.h. Harbour ehf. kt. 661118-1990 eftir heimild sveitarfélagsins fyrir eftirfarandi atriðum:

- 1. Sótt er um heimild til að nýta opið svæði norðan við ketilhús/reykháf sem bílastæði fyrir starfsmenn Harbour ehf. Ef heimild fyrir þessu fæst mun umsækjandi (Harbour ehf.) framkvæma jarðvegsskipti í bílastæðinu og ganga frá yfirborði.*
- 2. Sótt er um heimild til að nýta opið svæði sunnan við Hafnarlóð 7 sem bílastæði fyrir gesti veitingahússins. Ef heimild fyrir þessu fæst mun umsækjandi (Harbour ehf.) mála afmörkun fyrir stæðin á núverandi yfirborð, og merkja þau með skiltum.*
- 3. Byggja kæli- og/eða frystigeymslu norðan við veitingahúsið að Hafnarlóð 7, stærð um 2,5x5,0 m. Um verður að ræða léttu byggingu á steyptri undirstöðu, klædda með sama efni og veitingahúsið.*

Nefndin ræddi erindið en telur ekki forsendur til þess að afgreiða erindið að svo stöddu. Nauðsynlegt er að ræða við aðra aðila sem eiga aðliggjandi húseignir og hafa afnot af svæðinu. Varðandi kæli- og frystigeymslu tekur nefndin vel í erindið en huga þarf að flóttaleiðum áður en afstaða verður tekin. Var sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að vinna málið áfram með hlutaðeigandi aðilum.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að kalla til fundar með málsaðilum.*



**b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. febrúar 2022**

Lögð fram til kynningar.

**c. Stjórnar SSNV dags. 11. janúar 2022**

Lögð fram til kynningar.

**d. Stjórnar SSNV dags. 1. febrúar 2022**

Lögð fram til kynningar.

**e. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 21. janúar 2022**

Lögð fram til kynningar.

**8. Önnur mál**

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:30

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín Björk Leifsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir